

um rannsókn á kaupmætti tímakaups verkamanna í dagvinnu.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela kjararannsóknarnefnd athugun á orsökum þess, að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt, heldur í sumum tilfellum minnkað síðan 1959, þrátt fyrir miklu meiri þjóðartekjur nú en þá. Kappkostað sé, að þessari athugun sé lokið sem fyrst.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vinnutími verkamanna er nú miklu lengri hér á landi en í nálægum löndum. Löngum vinnutíma fylgir ekki aðeins mikil hætta fyrir heilsu og hreysti þeirra, sem vinna, heldur oft léleg vinnubrögð og minni afköst, svo að langur vinnutími er ekki síður óheppilegur fyrir vinnuveitendur en verkamenn sjálfa. Það á því að vera sameiginlegt áhugamál allra aðila að stytta vinnutímann, og er það líka í þeim löndum, sem lengst eru komin í verkmenningu.

Það stendur nú mest í vegi þess, að vinnutíminn geti stytzt, að kaupmáttur daglauna er allt of lágur. Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu hefur fremur minnkað en aukizt síðan 1959, gagnstætt því, sem átt hefur sér stað í öllum nálægum löndum. Ekki verður því kennt um, að þjóðartekjur hafi minnkað, því að þær munu vafalítið alltaf verða 40% meiri í ár en þær urðu 1959. Vegna þess að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt á þessum tíma, en hins vegar komið til sögu kröfur um meiri þægindi og betri lífskjör, hafa menn reynt að minnka bilið með því að lengja vinnutímann. Þar er um öfugþróun að ræða, sem stafar af því, að ekki hefur tekizt að auka kaupmátt dagvinnukaupsins.

Frá Efnahagsstofnuninni liggja fyrir útreikningar um kaupmátt tímakaupsins 1959 og 1966. Samkvæmt þessum útreikningum hefur kaupmáttur tímakaups iðnverkamanna, sem taka kaup samkvæmt töxtum Iðju í Reykjavík, verið 97.1 hinn 1. júní síðastliðinn, miðað við, að hann hafi verið 100 á árinu 1959. Tíma-kaup það, sem Efnahagsstofnunin miðar við, er byggt á „ákveðnum hlutföllum dag-, eftir- og næturvinna,“ og gefur því ekki rétta mynd af kaupmætti sjálfs dagvinnukaupsins. Ef það væri tekið eitt sér, sem réttara er, mundi rýrnun kaupmáttarins verða enn meiri.

Þá hefur Efnahagsstofnunin reiknað út í skýrslu sinni til Hagráðs, að kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu, sem taka kaup samkvæmt töxtum Dagsbrúnar í Reykjavík, hafi verið 106.6 hinn 1. júní síðastliðinn, miðað við, að kaupmátturinn hafi verið 100 á árinu 1960. Þegar þess er gætt, að kaupmáttur tíma-kaupsins var um 9% minni 1960 en 1959, frá 1. marz til 31. sept., kemur það glöggf í ljós, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanna í dagvinnu er nú minni en 1959. Breytir það ekki þessari staðreynd, þótt verkamenn hafi fengið lítils háttar kauphækkun síðan.

Hversu ástætt er um kaupmátt daglauna hjá verkamönnum, verður vel ráðið af eftirgreindum samanburði: Mánaðarkaup Dagsbrúnarmanna, 2. taxti (en samkvæmt honum munu langflestir mánaðarkaupsmenn í Dagsbrún taka kaup) er nú kr. 9399.00. Árslaun þessara manna eru m. ö. o. 112 788.00. Samkvæmt framfærsluvísitölu 1. þ. m. greiðir fjögurra manna fjölskylda nú fyrir vörur og þjónustu og í beina skatta, þegar húið er að draga fjölskyldubætur frá, réttar 117 þús. kr. Það vantar þannig kr. 4123.00 á það, að árskaup mánaðarkaupsmanns í Dagsbrún hrökkvi fyrir þessu. Eftir er svo húsnæðiskostnaðurinn allur, en undantekning má það heita, ef þriggja herbergja íbúð fæst leigð fyrir minna en 5000—6000 kr. á mánuði, og enn meiri verður húsnæðiskostnaðurinn, ef eignalítill maður ræðst í að eignast íbúð. Samkvæmt þessu verður Dagsbrúnarmaðurinn að vinna fyrir öllum húsnæðiskostnaðinum — og raunar meiru — í eftir- og næturvinnu.

Þetta er óheilbriggt ástand og óviðunandi, og því verður ekki breytt nema með stórauðnum kaupmætti tímakaups í dagvinnu.

Það verður að vera eitt megintakmark í launamálum að auka kaupmátt tíma-kaupsins í dagvinnu. Til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig þessu takmarki verður bezt náð, mundi það vafalaust verða lærdómsríkt að kynna sér sem bezt ástæður þess, að kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu skuli ekki hafa aukizt síðan 1959. Því er lagt til í tillögunni, að slík athugun verði látin fara fram og kappkostað verði að ljúka henni sem allra fyrst.